

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Apríl 2007

Vorkveðja



Formaðurinn með boltableikju úr Hlíðarvatni.

Nú er vetur senn liðinn og flest okkar vonum líklegast enn að hann skili nógu efni í ár og vötn, þótt hann hafi sem nokkrir þar á undan meira líkst vori eða hausti. Svoleiðis tíð ruglar okkur aðeins í ríminu og í tíma, en nú má heyra á hljóði fugla og sjá á flugi þeirra að vorið er í nánd. Svo er líka farið að birta. Ekki bara í sálinni vegna þess að nú er verið að lesa nýjan Áróður, heldur líka í morgunaustrinu og kvöldvestrinu, og orðið mun bjartara en þegar aðalfundurinn var haldinn þann 7. mars s.l.

Á öðrum stað hér í blaðinu er fundargerð frá aðalfundi okkar og kemur þar fram meðal annars að kosnir voru einn nýr og nýtur stjórnarmaður og einn nýr formaður. Fór þar sumt á verri

veginn. Í seinasta Áróðri mátti lesa að ekki var fundinn sá sem vildi taka við formannssætinu og stjórnarkreppa í uppsiglingu. Víst er að víða var leitað fanga og bentu allir hver á annan þveran. Því fór eins oft við svoleiðis aðstæður að taka varð sísta kostinn og er það Ármönnum kannski rétt mátulegt fyrir letina.

Vafalítið velta skilvísir og áhugasamir félagsmenn því fyrir sér hvað líði félagsskirteinum og veiðileyfakvittunum fyrir þetta blessað árið. Vonandi skila þau sér áður en of langt liður, en tafirnar sem orðnar eru verða raktar til tölvuvandræða og ýmissa annarra þátta sem ekki verða tíundaðir nú. Þetta með tölvuvandræðin skilja auðvitað allir, þó engin ástæða sé að sýna

slíku sérstakt umburðarlyndi.

Afleiðingarnar voru að ruglingur komst á félagaskrána og upplýsingar um greiðslustöðu margra félagsmanna.

Með töluverðri yfirlegu og samanburði telur stjórn sig hafa gert því máli nægjanleg skil og sendi nýlega út innheimtuseðla fyrir árgjöld 2007 að viðbættum eldri skuldum þar sem við átti samkvæmt bestu vitneskju.

Í þessu sambandi er rétt að fram komi hér það sem vekur mér og mörgum góðum meðlimum nokkurn ugg, en það er hversu margir hafa sagt sig úr, eða skulda nú árgjöld seinustu ára og eru með því að segja sig úr Ármönnum. Eftirsjá verður af þeim öllum ef staðfest verður, en þarna á meðal eru margir mjög gegnir félagar sem hafa unnið félaginu af ósérhlífni í gegn um tíðina.

Þetta atriði er meðal annarra sem snúa að framtíð Ármanna og verða væntanlega tekin upp á hausti komanda.

Ég bið ykkur félagar góðir að íhuga þetta í sumar og velta fyrir ykkur lögum félagsins og hugsanlegum breytingum á markmiðum þess í umhverfi, sem er gjörbreytt frá því sem var við stofnun fyrir 34 árum. Án þess að vilja glata gömlum og þörfum gildum, virðist mér einsýnt að við svo búið geti ekki staðið, eigi Ármenn að standa undir nafni.

Með þessum síðasta Áróðri vetrarins fylgja óskir stjórnar til allra Ármanna um að þeir megi höndla hamingjuna í athöfnunum sumarsins, veiðiferðum sem öðrum.

Hilmar Finnsson

Til og frá ritstjóra

Ágætu Ármenn;

Þá er kominn nýr formaður fyrir félagið, og líka nýr ritstjóri fréttabréfsins. Ragnar Hólm mun taka við sem ritstjóri frá og með næsta hausti því hann verður fyrir sunnan næsta vetur og eins og við var að búast, boðinn og búinn að leggja sínu gamla félagi lið.

Gert er ráð fyrir að næsti Áróður komi út um mánaðamótin september/október. Það er fengur að þeim báðum, Hilmari og Ragnari, reyndir menn og slíkum önnum þarf félagið á að halda á þessum síðustu og verstu, einsog þar stendur. Ég mun áfram eftir föngum leggja félaginu lið, við kastkennslu eða skrif, en verð oft hugsað til framtíðarinnar. Í vetur leið var ég staddur við vatn í Sviss, og sá þar skilti, sem mig langaði að taka með heim og fjölfalda við nokkra af mínum uppáhaldsveiðistöðum, þar sem „...hvorki skoðanir né kannanir ná í mig“ einsog segir í gömlu ljóði. Eða öllu heldur; þar sem hækkanir veiðileyfasala ná ekki til mín. Fer þetta ekki að vera gott? Kannski bý ég bara



Mynd: Þorsteinn J.

Draumaskilti við veiðisvæði, eða jafnvel heila sveit.

til mitt eigið Tangavatn eitthvert vorið, nú eða leigi ekki veiðisvæði heldur kaupi heila sveit ef ég kemst í álnir. Þá á ég að minnsta kosti uppskrift að skilti til að halda fólki frá.

En það er í óljósri framtíð. Nú er að minnsta kosti ljóst að það vorar og handan við vorið, kemur loksins sumar.

*Kveðja;
Þorst.J.*

Auglýsing

Steini stöng, sem rak veiðibúðina Ármót á Flókagötunni í áraraðir stendur ásamt vinum og velunnurum fyrir

LAGERSÖLU

**á flugum úr hirslum sínum í Árósum 28. apríl frá kl. 13 – 17.
Allir eru velkomnir, jafnt Ármenn sem aðrir.**

Þetta hittir upp á hreinsunarhelgi í Hlíðarvatni og því verða margir Ármenn þennan dag í vinnu- og veiðiferð við Hlíðarvatn og vilja að sjálfsögðu geta reynt flugurnar hans Steina þar og er þeim því boðið að hafa samband við Stefán Hjaltested, umsjónarmann lagersölnnar, til að mæla sér mót við hann að kaupa flugur í vikunni á undan eða bara hvenær sem er.

Velunnarafélagið

Vordagskrá

Vert er að benda á þá tvo klassísku dagskrárliði okkar sem eftir eru í vor og eru að sönnu eftirsóknarverðir.

Fyrst er að nefna vorfagnaðinn, vorhappdrættið eða vorblótið (et kært barn har mange navne segir Danskurinn) sem ber upp á laugardaginn 21. apríl og hefst kl. 14:00. Þessi samkoma er til fjáröflunar félaginu og gleði félögum. Þarna verður dagskrá með hefðbundnum hætti, og mun hinn ljúfi og árvakri Ólafur Óskar, öðru nafni Óli Skeggur, stýra drætti. Það hefur hann gert með glöðu geði í við vitum ekki hvað mörg ár og með þeim hætti, að flestum er nákvæmlega sama hvort þeir fá vinning eður ei. Við bara gerum okkur sjálfum það ekki að missa af þessu. Og muna að taka börnin eða barnabörnin með auðvitað.

Svo er að nefna samkomu við Hlíðarvatn sem verður helgina 28. og 29. apríl.

Samkoman sú þykir sérlega vel til þess fallin að hreinsa sálina ekki síður en umhverfi vatnsins og húss vors og nefnist því Hlíðarvatnshreinsun. Ef til vill verður líka farið fyrir á svæðið eða sunnudaginn 22. apríl ef viðrar.

Í vor þarf að bera á húsið, ljúka hinum myndarlegu endurbótum sem þar hafa verið í gangi undanfarin ár og gera það klárt fyrir sumarið. Kjötsúpa verður tilreidd báða dagana (betri á sunnudaginn) og verða Dagur og Guðmundur sérlistamenn í essinu sínu í eldhúsi Hlíðarvatnshússins. Kaffi og glaðværð verða líka á boðstólnum svo að lífsglaðir Ármenn ættu ekki að missa af þessum skemmtilegu samverustundum.

Mæting er á milli 9 og 10 báða morgna og eftir vinnustundirnar verður gert út á bleikjuveiðar eftir hádegi og mun margur fá þar sinn fyrsta drátt þetta sumarið ef að líkum lætur.

Þarna verða menn sem þekkja vatnið öðrum betur og geta veitt nýjum og ókunnugum ómetanlega leiðsögn svo ekki sé minnst á andríkan félagsskapinn. Hlíðarvatnsnefndinni með Halldór Sigurðsson í fararbroddi verður seint fullþakkað fyrir hið mikla starf sem þarna hefir verið unnið án þess að nokkuð hafi komið á mót, nema ef vera skyldi einstaka kærleikstiltal þegar gamla dælan bilaði eða þegar litlu gaskútarnir tæmdust.

Stjórnin

Paradís á jörð.

Minum á að Ármenn hafa frjálstan aðgang að vötnunum sunnan Tungnár í allt sumar gegn því að sýna gilt félagsskírteini í Ármönnum og skila veiðiskýrslu.

Nú er í fyrsta sinn boðið í Ármannaferð í vötnin sunnan Tungnár.

Tekinn hefur verið frá skáli við Landmannahelli fyrir 16 manns í Jónsmessuferð 23.-24. júní. Þetta er fjölskylduferð og börnin eru velkomin með flugu og flotholt. Einnig verða veiðimenn velkomnir á tjaldstæðin eins og alltaf og greiða þá landvörðum fyrir gistinguna en geta notið leiðsagnar og samvista við aðra Ármenn eigi að síður.

Fyrirkomulag:

Þeir, sem vilja vera með í skálagistingu þurfa að gera tvennt; greiða 4000 kr. inn á reikning Ármanna og tilkynna þátttöku strax með netbréfi til Ármanna: armenn@armenn.is eða með símhringingu til Guðmundar meðstjórnanda í síma 557 7043 eða 822 0715 sem gefur líka fúslega nánari upplýsingar.

Um Ferðalagið og væntingarnar.

Veiðimenn koma sér sjálfir í Landmannahelli að kvöldi

föstudags og skrá sig hjá landverði. Farið verður í veiði í Löðmundarvatni sem er aðeins í 5 mínútna aksturslengd frá gististað undir leiðsögn kunnugra Ármanna. Veitt að vild fram eftir kvöldi eða fram á nótt því þarna er veiðimaðurinn frjálst eins og vera ber í silungsveiðinni. Og gerir hana dásamlegasta. Nóttin björt og Ármenn líka.

Laugardag og sunnudag verður leiðsögn í Frostastaðavatn og Ljótapoll en að sjálfsögðu verður líka veitt í öðrum vötnum eftir smekk. Gæti trúað að margir vilji komast aftur í Löðmundarvatn ef hann er ekki á sunnan. Þetta stefnir í að verða skemmtilegasti og ódýrasti veiðitúr ársins og áreiðanlega öruggasta veiði ársins enda á besta tíma í bullandi bleikju og urriða.

Landmannahellir.

Landverðir færa inn aflatölur vikulega inn á vefinn veidivotn.is svo að rík áhersla er lögð á það að Ármenn skili alltaf inn aflaskýrslu að lokinni veiði á



vatnasvæðinu. Það er félagið Hellismenn sem sér um rekstur húsanna og tjaldstæðanna við Landmannahelli og í forsvari er Engilbert sem er með símann 899 6514 en þegar landverðir verða komnir á staðinn er síminn þar 893 8407. Ármenn eru boðnir velkomnir í gistingu eða á tjaldstæðin í allt sumar en panta þarf fyrirfram í húsin eins og gengur.

Skoðið landmannahellir.is

Aðalfundur Ármanna 7. mars 2007

Skýrsla formanns.

Fundarstjóri, ritari og aðrir fundarmenn. Ég býð ykkur öll velkomin á 33. aðalfund Ármanna.

Ég vil byrja á því að skýra veru mína hér í pontu ef einhverjum hér er það ekki kunnugt. En seint á síðasta ári lét formaður félagsins af störfum þar sem hann flutti búferlum af landi brott. Þetta bar nokkuð brátt að og tók ég, sem varaformaður, við formennskunni til að fylla það skarð uns nýr formaður væri fundinn. Til stendur að við keflinu taki gamalreyndur Árnaður, Hilmar Finnsson, sem er mörgum félögum að góðu kunnur.

Ég mun ganga úr stjórninni en nýr stjórnarmaður Guðmundur Haukur Jónsson mun koma inn. Eins og fram hefur komið lét Ragnar Björnsson formaður af störfum en einnig Björn Grétar Sveinsson meðstjórnandi. Nýr stjórnarmaður Ragnar Björgvinsson var kallaður til í stjórnina af þessum sökum þar sem hún var ekki fullmönnuð. Ragnar Björgvinsson er því hér tilnefndur til stjórnarkjörs en þess láðist að geta í tilkynningu í síðasta Áróði.

Frá haustdögum hefur stjórn Ármanna verið skipuð eftirfarandi félagsmönnum:

Formaður: Viktor Smári Sæmundsson, varaformaður Hafþór Ólafsson, gjaldkeri Jón Ó. Skarphéðinsson, ritari Úlfar Ormarsson, meðstjórnendur Örn Daníelsson og Ragnar Björgvinsson.

Þessi stjórn hefur haldið sjö stjórnarfundi og fimm vinnufundi vegna afgreiðslu og úthlutunar veiðileyfa auk annarra starfa varðandi rekstur félagsins.

Nefndir sem starfað hafa í félaginu eru Hlíðarvatnsnefnd, hús- og skemmtinefnd, fræðslu- nefnd, Grenlækjarnefnd, veiði- öflunarnefnd og ritnefnd.

Vil ég fyrir hönd félagsins þakka öllum þeim sem störfuðu í þessum nefndum fyrir fórnfúst starf í þágu félagsins endurgjaldslaust og án nokkurrar umbunar nema ánægjunnar.

Helstu veiðisvæði Ármanna hafa, eins og okkur flestum er kunnugt, verið Hlíðarvatn, Grenlækur og Vatnsdalsá en auk þessarra svæða hefur verið boðið upp á ýmis önnur svæði sem hlotið hafa misjafnar undirtektir. Þó er eitt svæði sem fallið hefur Ármönnum vel í geð en það eru vötnin sunnan Tungnaár og verður hægt að bjóða Ármönnum áframhaldandi veiðar þar gegn framvísun félagsskírteinis. Það er aftur á móti fyrirséð að Fitjaflóðið í Grenlæk verður tæpast í boði á næsta ári miðað við ásókn á svæðið, sem hefur verið mjög treg og ekki verjandi fyrir félagið að halda þeim rekstri áfram að óbreyttu. Það verður verkefni næstu stjórnar að taka á því máli. Þó er er nokkur von á því að staðan verði ekki eins slæm og nú horfir með Genlækinn þar sem óseld leyfi Ármanna verða boðin til sölu á vef Stangveiðifélags Reykjavíkur. Það verkefni er afrakstur Landsambands stangveiðifélaga og samvinnu hinna ýmsu veiðiféglaga sem sameinast nú um að koma óseldum veiðileyfum í sölu á sameiginlegum vetvangi. Þess má geta að LS hefur verið mjög virkt og má vænta góðs af því starfi sem þar fer fram.

Innan stjórnar hefur farið fram nokkur umræða um tilvist félagsins og breytt umhverfi. Tvennt hefur komið til á undanförunum árum sem breytt hefur stöðu Ármanna. Fyrir það fyrsta er aðgengi veiðileyfa gjörbreytt með tilkomu netmiðla sem auðveldað hafa mönnum

kaup á veiðileyfum árið um kring og í annan stað hefur tilkoma veiðikortsins gert það að verkum að nú er hægt að stunda vatnaveiði víða um landið fyrir mjög sanngjarnt verð allt veiðitímabilið. Ármönnum er því spurn: Fyrir hvað á félagið að standa þegar vart er gerlegt að keppa við risana á markaðnum um veiðisvæði. Í mínum huga liggur svarið í innra starfi félagsins sem á að leggja áherslu á kynningu, fræðslu, þjálfun og skemmtun og verða einskonar akademía fluguveiðimanna eins og fram hefur komið í spjalli rit-sjóra Áróðs í síðasta tölublaði. Vek ég máls á þessu hér þar sem ég tel brýnt að umræða fari fram um breyttar áherslur og að félagið verði að geta höfðað til ungra veiðimanna sem vilja kynnast leyndardómum fluguveiðanna á uppbyggilegan og spennandi hátt.

Kjölfestun í félaginu er Hlíðarvatn þar sem þó nokkur uppbygging hefur átt sér stað og til skamms tíma einnig Grenlækur. Nú þegar hillir undir að minnkandi veiði í Grenlæknum verði til þess að hann verður ekki inna vébanda Ármanna er nauðsynleg að bregðast við. Með hvaða hætti það verður gert er undir Ármönnum sjálfum komið og hvernig unnið verður úr málum.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við í félaginu og ánægjulegt starf í stjórn þess undanfarinn fjögur ár. Stjórnin verður að mínu mati vel mönnuð og vænti ég árangurriks starfs frá hennar hendi.

Viktor Smári Sæmundsson
formaður

ÁSKORUN frá ÁRÓÐI

Verið nú dugleg að taka myndir í sumar af falletum eða flottum augnablikum og stöðum og sendið okkur stafrænar myndir í armenn@armenn.is 5 skemmtilegustu myndirnar fá verðlaun.

Aðalfundur Ármanna 7. mars 2007

Aðalfundargerð.

Fundurinn haldinn í Árósum að Dugguvogi 13 og hófst klukkan 20.00. Tólf félagsmenn mættir.

Gengið var til boðaðrar dagskrár, áður birt í Áróðri í febrúar 2007.

1. Fundarsetning, skipun fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundar gerð síðasta aðalfundar.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins. Umræður og afgreiðsla.
5. Stjórnarkjör og kjörskoðunarmanna.
6. Ákvörðun um árgjald og inntökugjald.
7. Önnur mál. Umræður.
8. Kaffi

1. Settur formaður, Viktor Smári Sæmundsson setti fundinn og stakk upp á Svend Richter sem fundarstjóra og Úlfari Ormarssyni sem ritara. Var það samþykkt. Var þá fundurinn lýstur löglegur.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin, skráð af Hilmarí Finnsyni og hún samþykkt.

3. Viktor Smári las skýrslu síðasta árs, og gerði grein fyrir

stöðu sinni sem fráfarandi formaður. En hann tók sæti formanns við skyndilega brottför Ragnars Björnssonar um miðjan nóvember 2006.

4. Viktor lagði fram reikninga félagsins, í fjarveru Jóns Ólafs gjaldkera. Spunnust ágætar umræður um hvernig bókhald skyldi fært, eftir að nokkrar athugasemdir frá bókurum og skoðunarmönnum höfðu verið bornar fram. Voru allir sammála um að enn væri hægt að ná töluvert betri árangri í færslu fjármuna með skipulegra verklagi. Þrátt fyrir líflegar umræður var ekki hallað á neinn og reikningarnir samþykktir einróma.

5. Við brotthvarf Ragnars Björnssonar tók Viktor Smári Sæmundsson við formanns, gekk hann úr stjórn ásamt Birni Grétari Sveinssyni. Í framboði til formanns var Hilmar Finnsson, var hann kosinn einróma, einnig kom í stjórn Guðmundur Haukur Jónsson. Skoðunarmenn voru samþykktir Sigurður Jónsson og Halldór Lárusson, og til vara Sigurður Benjamínsson.

6. Umræður um árgjald og inntökugjald urðu nokkuð líflegar og komu upp vangaveltur um hvort inntökugjald hamlaði fjölgun í félaginu og fella skyldi það niður. Að sama skapi voru uppi efasemdir um hvort hækka skyldi

árgjald. Eftir atkvæðagreiðslu var samþykkt að árgjald 2008, yrði kr. 6500 og inntökugjald kr. 10.000, árgjald innifalið.

7. Hilmar Finnsson gerði grein fyrir sjálfum sér, aldur og fyrri störf.

8. Önnur mál. Nokkur umræða var um tilvist félagsins í ljósi talsvert breyttra ytri aðstæðna og komu nokkrar spurningar um hvort breyta þyrfti lögum félagsins til að þróa félagið að þessum "breyttu" aðstæðum. Var í því sambandi mest rætt um veiðileyfaframboð á netinu og veiðikortið sem allir hafa tekið fagnandi. Eins þótti mönnum minnkandi þátttaka félagsmanna í félagsmálum áhyggjuefni og ýmsar hugmyndir ræddar til að örva "virkni" manna innan félags. Barna og unglingsstarf bar á góma, aðallega til að lækka meðalaldur félagsmanna, þar sem þriðjungur er orðinn að heiðursfélögum, en líka til að læra það sem þessir gömlu kunna og má ekki gleymast. Einnig komu upp hugmyndir um umbun fyrir stjórnarstörf og eins við mátti búast snerti það nokkra viðkvæma strengi í hugum sumra félagsmanna sem lagt hafa hálfu ævina undir, fyrir ánægjuna eina.

Var svo fundi slitið og boðið kaffi og meðð'í kl. 21:45

Úlfar Ormarsson fundarritari.



Þessir birtingar voru í einni af höfnunum á höfuðborgarsvæðinu í haust og kipptu sér hvorki upp við báta- eða mannaferðir.

Fréttir af LS



Þessar eru úr Hlíðarvatni

Nýlega var haldinn formannafundur aðildarfélaga í Landssambandi stangaveiðifélaga.

Þar var meðal annars farið yfir stöðu félaganna, svo sem helstu atriði í vetrardagskrá þeirra, veiðileyfasölu í vetur, fjölgun eða fækkun félagsmanna og svo síðast en ekki síst, aukið

samstarf í sambandi við leigu á veiðisvæðum og veiðileyfasölu. Þar sem töluverður áhugi er fyrir hinu síðastnefnda er sú vonin, að slík samvinna geti skilað smærri félögunum í sameiningu meiri möguleikum á aðgengi að svæðum sem eru ofraun hverju félagi út af fyrir sig. Þrátt fyrir

ákveðnari tón í lögum okkar um veiðiaðferðir en er hjá öðrum stangaveiðifélögum, er ljóst að við Ármenn hljótum að reyna að efla þessa samvinnu.

HF

Vinir Ármanna:

Nokkrir velunnarar bjóða Ármönnum afslátt:

Bændagistingin að Hörgslandi býður Ármönnum 20% afslátt af lausum veiðileyfum.

Cintamani búðin býður 10% afslátt.

Veiðihornið býður 10% afslátt

Vesturröst býður 10-15% afslátt

Laus veiðileyfi í Hlíðarvatni og Grenlæk

Hlíðarvatn

Dags.	Júlí	Ágúst	Sept.
1.	Selt	Laust	Selt
2.	Selt	Laust	Selt
3.	Selt	Laust	Laust
4.	Selt	Selt	Laust
5.	Selt	Laust	Laust
6.	Selt	Laust	Laust
7.	Selt	Laust	Laust
8.	Selt	Selt	Laust
9.	Laust	Selt	Laust
10.	Selt	Laust	Laust
11.	Selt	Selt	Laust
12.	Selt	Selt	Laust
13.	Selt	Selt	Laust
14.	Selt	Selt	Laust
15.	Selt	Selt	Selt
16.	Selt	Selt	Selt
17.	Laust	Laust	Laust
18.	Selt	Laust	Laust
19.	Laust	Laust	Laust
20.	Selt	Laust	Laust
21.	Selt	Laust	Laust
22.	Selt	Laust	Laust
23.	Selt	Laust	Selt
24.	Selt	Selt	Laust
25.	Selt	Selt	Laust
26.	Selt	Selt	Laust
27.	Selt	Laust	Laust
28.	Selt	Laust	Laust
29.	Selt	Laust	Laust
30.	Selt	Laust	Laust
31.	Selt	Selt	

Grenlækur

Dagsetning	verð/stöng	dagafjöldi
31.05.07 - 03.06.07	9.000	3 Laust
15.06.07 - 18.06.07	6.000	3 Laust
30.06.07 - 03.07.07	5.000	3 Laust
15.07.07 - 18.07.07	5.000	3 Laust
31.07.07 - 03.08.07	5.500	3 Laust

Skegg og skott

Ég er viss um að ef félagsmenn kæmu oftari í Árósa myndu þeir lifa lengur. Hláturinn og glaðværðin við hnýtingarnar í vetur eru skemmtilegustu minningarnar sem ég á frá félagslífi vetrarins. Það var fastur kjarni manna sem mætti reglulega og svo slæddust inn drekar sem lögðu sitt af mörkum. Í heild var þetta eitthvað sem ég vildi ekki hafa

misst af í drunga skammdegisins og hvet alla félagsmenn að huga að félagslífi Ármanna og gerast virkir strax. Alla vega að stefna að því að vera virkir næsta vetur. Húsnefndin sér um að alltaf sé heitt á könnunni og svo eru alltaf einhverjir að ljúga veiðisögum og sumir segja jafnvel sannar veiðisögur! Allt til að krydda tilveruna.

Félagar, njótum samvista og bendum ófélagsbundnum áhugamönnum, ungum sem gömlum, á að koma og vera með okkur og kynnast félagsandanum hvenær sem opið er í Árósum. Það eru allir velkomnir á Skegg og Skott allan veturinn á mánudagskvöldum frá kl. 20-22.

GHJ #524

Frá Húsnefnd Árósa, Dugguvogi 13

Opið verður á mánudags- og miðvikudagskvöldum til og með 21. maí

Hnýtingar og skemmtilegheit í Skeggi og Skotti á mánudögum. Opið hús á miðvikudögum þar sem menn skipast á skoðunum og þó einkum á reynslusögum og sumir til að ljúga enn líklegri sögum en á mánudögum þegar ekki er auglýst dagskrá.

Árósar verða semsagt opnir framtil 21. maí en þá er hafin veiðitíð og félagsheimili okkar þar af leiðandi lokað í sumar en svo verður opnað aftur með pomp og prakt 1. október.

Hægt er að fá Árósa leigða til veisluhalda. Fermingar, útskriftir o.s.fr. Salurinn rúmar 60 manns í sæti.

Dagskrá í Árósum fram á vorið:

16. apríl mun Jón Viðar Óskarsson #583 kynna fyrir okkur allt það nýjasta frá Joakim. Stengur, hjól, öngla og línur..

Laugardaginn 21. apríl er svo margrómaður vorfagnaður Ármanna kl 14.00 þar sem við komum saman til að kætast yfir vorkomunni, fá okkur kaffi og með því og taka þátt í spennadi happdrætti með ótal góðra vinninga fyrir veiðimenn. Að venju mun Ólafur Ó. Jónsson stýra happdrættinu.